# Fundargerð

## Afgreiðslufundur skipulags- og byggingarfulltrúa - 483. fundur

haldinn í fundarherbergi Norðurhellu 2,
23. október 2013 og hófst hann kl. 13:15.

**Fundinn sátu:**
Bjarki Jóhannesson sviðsstjóri/skipulags- og byggingarfulltrúi, Málfríður Kristjánsdóttir, Berglind Guðmundsdóttir, Brynjar Rafn Ólafsson og Þormóður Sveinsson.

**Fundargerð ritaði:** Bjarki Jóhannesson.

**Dagskrá:**

**A-HLUTI - BYGGINGARLEYFI**
**Afgreitt samkvæmt 9. grein mannvirkjalaga nr. 160/2010**

### 1 1309536 - Brekkugata 14 breyting

Ragnar Agnarsson sækir 24.09.13 um að bygga viðbyggingu og nýjan bílskúr við húsið samkvæmt teikningum Friðriks Ólafssonar dags. 30.08.2013 Nýjar teikningar bárust 14.10.2013

*Skipulags- og byggingarfulltrúi samþykkir byggingaráformin í samræmi við 11. grein mannvirkjalaga nr. 160/2010. Byggingarleyfi verður gefið út þegar skilyrði 1-4 liðar 13. greinar mannvirkjalaga hafa verið uppfyllt.*
*13. gr. Útgáfa byggingarleyfis.*
*Skilyrði fyrir útgáfu byggingarleyfis eru eftirfarandi:*
*1. Mannvirkið og notkun þess samræmast skipulagsáætlunum á svæðinu.*
*2. Aðal- og séruppdrættir hafa verið yfirfarnir og leyfisveitandi hefur áritað þá til staðfestingar á samþykki.*
*3. Byggingarleyfisgjöld og önnur tilskilin gjöld hafa verið greidd, svo sem gatnagerðargjald samkvæmt ákvæðum laga um gatnagerðargjald og bílastæðagjald eða gjald fyrir skipulagsvinnu samkvæmt ákvæðum skipulagslaga, eða samið um greiðslu þeirra. Undanskilin eru þó gjöld sem falla ekki í gjalddaga fyrr en við útgáfu byggingarleyfis.*
*4. Byggingarstjóri hefur undirritað yfirlýsingu um ábyrgð sína og afhent leyfisveitanda undirritaða ábyrgðaryfirlýsingu þeirra iðnmeistara sem ábyrgð munu bera á einstökum verkþáttum.*

### 2 1309653 - Hverfisgata 41a, breyting

Borgar Þorsteinsson sækir 30.09.13 um leyfir fyrir viðbyggingu og endurbótum innanhús. Samkv teikn Kára Eiríksson arkitekts dagsettar 27.09.13. Nýjar teikningar bárust 15.10.13

*Skipulags- og byggingarfulltrúi samþykkir byggingaráformin í samræmi við 11. grein mannvirkjalaga nr. 160/2010. Byggingarleyfi verður gefið út þegar skilyrði 1-4 liðar 13. greinar mannvirkjalaga hafa verið uppfyllt.*
*13. gr. Útgáfa byggingarleyfis.*
*Skilyrði fyrir útgáfu byggingarleyfis eru eftirfarandi:*
*1. Mannvirkið og notkun þess samræmast skipulagsáætlunum á svæðinu.*
*2. Aðal- og séruppdrættir hafa verið yfirfarnir og leyfisveitandi hefur áritað þá til staðfestingar á samþykki.*
*3. Byggingarleyfisgjöld og önnur tilskilin gjöld hafa verið greidd, svo sem gatnagerðargjald*

*samkvæmt ákvæðum laga um gatnagerðargjald og bílastæðagjald eða gjald fyrir skipulagsvinnu samkvæmt ákvæðum skipulagslaga, eða samið um greiðslu þeirra. Undanskilin eru þó gjöld sem falla ekki í gjalddaga fyrr en við útgáfu byggingarleyfis.*
*4. Byggingarstjóri hefur undirritað yfirlýsingu um ábyrgð sína og afhent leyfisveitanda undirritaða ábyrgðaryfirlýsingu þeirra iðnmeistara sem ábyrgð munu bera á einstökum verkþáttum.*

## 3 1309386 - Fjarðargata 19, breyting á byggingarleyfi

Stjarnan ehf sækir um að skipta rými 0102 upp í tvö rými en ekki að breyta skráningartöflu. Í rýminu verður Subway og hins vegar skrifstof. Setja þarf nýja útihurð fyrir Subway samkvæmt teikningum Sigurðar Einarssonar dags. 10.09.13 Stimpill frá Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar og Kópavogs er á einni teikningunni. Leiðréttar bygginefndarteikningar bárust 14.10.2013

*Skipulags- og byggingarfulltrúi samþykkir byggingaráformin í samræmi við 11. grein mannvirkjalaga nr. 160/2010. Byggingarleyfi verður gefið út þegar skilyrði 1-4 liðar 13. greinar mannvirkjalaga hafa verið uppfyllt.*
*13. gr. Útgáfa byggingarleyfis.*
*Skilyrði fyrir útgáfu byggingarleyfis eru eftirfarandi:*
*1. Mannvirkið og notkun þess samræmast skipulagsáætlunum á svæðinu.*
*2. Aðal- og séruppdrættir hafa verið yfirfarnir og leyfisveitandi hefur áritað þá til staðfestingar á samþykki.*
*3. Byggingarleyfisgjöld og önnur tilskilin gjöld hafa verið greidd, svo sem gatnagerðargjald samkvæmt ákvæðum laga um gatnagerðargjald og bílastæðagjald eða gjald fyrir skipulagsvinnu samkvæmt ákvæðum skipulagslaga, eða samið um greiðslu þeirra. Undanskilin eru þó gjöld sem falla ekki í gjalddaga fyrr en við útgáfu byggingarleyfis.*
*4. Byggingarstjóri hefur undirritað yfirlýsingu um ábyrgð sína og afhent leyfisveitanda undirritaða ábyrgðaryfirlýsingu þeirra iðnmeistara sem ábyrgð munu bera á einstökum verkþáttum.*

## 4 1309416 - Suðurhvammur 15, yfirbygging á svölum

Elísabet Valgeirsdóttir og Sigfús Þór Magnússon sækja 18.09.13 um að byggja yfir svalir samkvæmt teikningum Gísla Gunnarssonar dags. 21.08.2013. Ný teikning barst dagsett 18.10.13.

*Skipulags- og byggingarfulltrúi samþykkir byggingaráformin í samræmi við 11. grein mannvirkjalaga nr. 160/2010. Byggingarleyfi verður gefið út þegar skilyrði 1-4 liðar 13. greinar mannvirkjalaga hafa verið uppfyllt. Leiðrétt skráningartafla þarf að berast.*
*13. gr. Útgáfa byggingarleyfis.*
*Skilyrði fyrir útgáfu byggingarleyfis eru eftirfarandi:*
*1. Mannvirkið og notkun þess samræmast skipulagsáætlunum á svæðinu.*
*2. Aðal- og séruppdrættir hafa verið yfirfarnir og leyfisveitandi hefur áritað þá til staðfestingar á samþykki.*
*3. Byggingarleyfisgjöld og önnur tilskilin gjöld hafa verið greidd, svo sem gatnagerðargjald samkvæmt ákvæðum laga um gatnagerðargjald og bílastæðagjald eða gjald fyrir skipulagsvinnu samkvæmt ákvæðum skipulagslaga, eða samið um greiðslu þeirra. Undanskilin eru þó gjöld sem falla ekki í gjalddaga fyrr en við útgáfu byggingarleyfis.*
*4. Byggingarstjóri hefur undirritað yfirlýsingu um ábyrgð sína og afhent leyfisveitanda undirritaða ábyrgðaryfirlýsingu þeirra iðnmeistara sem ábyrgð munu bera á einstökum verkþáttum.*

## 5 1304470 - Dalshraun 3, breyting

Reitir I ehf sækir 23.04.13 um leyfi á breytingu á innra skipulagi og fyrirkomulagi á 1,2,3,4 og 5. hæð vegna nýrra notenda. Samkv. teikningum Baldurs Óla Svavarssonar dagsettar: 31.10.2007. Nýjar teikningar bárust 21.05.2013 og 15.10.13.

*Skipulags- og byggingarfulltrúi samþykkir byggingaráformin í samræmi við 11. grein mannvirkjalaga nr. 160/2010. Byggingarleyfi verður gefið út þegar skilyrði 1-4 liðar 13. greinar mannvirkjalaga hafa verið uppfyllt.*
*13. gr. Útgáfa byggingarleyfis.*
*Skilyrði fyrir útgáfu byggingarleyfis eru eftirfarandi:*
*1. Mannvirkið og notkun þess samræmast skipulagsáætlunum á svæðinu.*
*2. Aðal- og séruppdrættir hafa verið yfirfarnir og leyfisveitandi hefur áritað þá til staðfestingar á samþykki.*
*3. Byggingarleyfisgjöld og önnur tilskilin gjöld hafa verið greidd, svo sem gatnagerðargjald samkvæmt ákvæðum laga um gatnagerðargjald og bílastæðagjald eða gjald fyrir skipulagsvinnu samkvæmt ákvæðum skipulagslaga, eða samið um greiðslu þeirra. Undanskilin eru þó gjöld sem falla ekki í gjalddaga fyrr en við útgáfu byggingarleyfis.*
*4. Byggingarstjóri hefur undirritað yfirlýsingu um ábyrgð sína og afhent leyfisveitanda undirritaða ábyrgðaryfirlýsingu þeirra iðnmeistara sem ábyrgð munu bera á einstökum verkþáttum.*

# B-HLUTI – SKIPULAGSERINDI

**Til kynningar í Skipulags- og byggingarráði og bæjarstjórn Hafnarfjarðar skv. *samþykkt um afgreiðslur skipulags- og byggingarfulltrúa Hafnarfjarðarkaupstaðar á deiliskipulagserindum*, sem staðfest var af félagsmálaráðuneytinu 9.ágúst 2005.**

## 6 1310282 - Álfholt 6. Umsókn breytingu á deiliskipulagi

Ófeigur Örn Ófeigsson sækir um að deiliskipulagi Hvaleyrarholts suður verði breytt og gerður bílskúrsreitur á lóð Álfholts 6.

*Skipulags- og byggingarfulltrúi vísar erindinu til skipulags- og byggingarráðs.*

## 7 1310024 - Óseyrarbraut 17, óveruleg deiliskipulagsbreyting

Sveinbjörn Jónsson fyrir hönd Eskju hf óskar eftir stækkun á byggingarreit llóðarinnar samkvæmt meðfylgjandi gögnum.

*Skipulags- og byggingarfulltrúi samþykkir erindið með tilvísun í 3. mgr 44. greinar skipulagslaga nr. 123/2010.*

## 8 1310290 - Óseyrarbraut 3. Fyrirspurn

Ásmundur Jóhannsson leggur 16.10.13 inn fyrirspurn varðandi breytingu á starfsemi við Óseyrarbraut 3.

*Skipulags- og byggingarfulltrúi óskar eftir umsögn Hafnarstjórnar um erindið.*

## 9 1305163 - Suðurgata 18,umgengni á lóð

Ábending barst um að ýmislegt rusl á lóð Suðurgötu 18.

*Skipulags- og byggingarfulltrúi gerir eiganda skylt að fjarlægja umrætt rusl í samræmi við 7.2.4 grein byggingarreglugerðar nr. 112/2012.*

## 10 10023452 - Furuás 30, frágangur lóðar

Ítrekuð hefur verið kvörtun vegna frágangs á lóðinni Furuás 30. Byggingarefni og timbur er á lóðinni, og ekki hefur verið gengið frá lóðinni. Samkvæmt lóðarleigusamningi átti að fullgera húsið að utan fyrir 18. desember 2008. Erindið var til umfjöllunar á afgreiðslufundi skipulags- og byggingarfulltrúa 28.07.2010, sem vísaði því til skipulags- og byggingarráðs sem samþykkti eftirfarandi 03.08.10: "Skipulags- og byggingarráð gerir byggingarstjóra Furuáss 30 skylt að fjarlægja tilgreint efni og tæki af lóðinni og götunni nú þegar. Verði ekki brugðist við því innan fjögurra vikna mun skipulags- og byggingarráð gera tillögu til bæjarstjórnar um dagsektir í samræmi við 57. grein skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997." Bæjarstjórn samþykkti dagsektirnar 23.02.2011, en þar sem byggingarkrani var fjarlægður og timbri raðað upp var fallið frá þeim að svo stöddu. Skipulags- og byggingarfulltrúi gerði 10.04.2013 byggingarstjóra skylt að ljúka framkvæmdum í samræmi við lóðarleigusamning og sækja um lokaúttekt innan fjögurra vikna. Ekki var brugðist við erindinu og enn eru gámur og vinnuskúr á lóðinni auk timburs.

*Skipulags- og byggingarfulltrúi ítrekar fyrirmæli sín og gerir eiganda skylt að fjarlægja gám, vinnuskúr og timbur af lóðinni. Verði ekki brugðist við því innan 4 vikna mun skipulags- og byggignarfulltrúi beita ákvæðum laga um mannvirki nr. 160/2010 til að knýja fram úrbætur.*
*Jafnframt mun skipulags- og byggingarfulltrúi gera úttekt á sambærilegum málum á öðrum nýbbyggingarsvæðum bæjarins.*

## 11 1310366 - Strandgata 75, skilti.

Komið hefur í ljós að skilti á lóð nr. 75 við Strandgötu nær yfir á göngustíg bæjarins og getur valdið hættu. Ekki er leyfi fyrir þessu skilti og það stenst ekki kröfur byggingarreglugerðar né skiltasamþykktar Hafnarfjarðarbæjar og eins er stag sem er notað til halda því uppi hættulegt hjólandi og gangandi fólki.

*Skipulags- og byggingarfulltrúi bendir eiganda á að fjarlægja skiltið eða koma því þannig fyrir að það uppfylli kröfur byggingarreglugerðar og skiltasamþykktar Hafnarfjarðarbæjar. Það þarf að sækja um leyfi fyrir uppsetningu allra skilta til Skipulags- og byggingarsviðs.*

## C-HLUTI – ERINDI SEM ER FRESTAÐ EÐA SYNJAÐ
**Afgreitt samkvæmt 9. grein mannvirkjalaga nr. 160/2010**

### 12 1310289 - Kaplahraun 19, breyting á byggingaleyfi

Rafcom sækir um 16.10.2013 nýtt hurðaop í eldvarnarvegg á 2.hæð út á milliloft. Skv.teikningum Gunnlaugs Björns Jónssonar dagsettar 22.08.2013

*Skipulags- og byggingarfulltrúi frestar erindinu þar sem innsend gögn eru ófullnægjandi. Sjá meðfylgjandi athugasemdir.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 14:30.**

**Bjarki Jóhannesson (sign)**
**Berglind Guðmundsdóttir (sign)**
**Þormóður Sveinsson (sign)**

**Málfríður Kristjánsdóttir (sign)**
**Brynjar Rafn Ólafsson (sign)**